

Ársskýrsla

Fjölbrautaskólans við

Ármúla 2012

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Nemendur	3
Ársmemendur.....	4
Brautskráðir nemendur árið 2012	5
Nám.....	5
Sérnámsbrautir	5
Heilbrigðisskólinn.....	5
Almenn námsbraut – stoðþjónusta.....	6
Bóknám.....	6
Kennsla og stjórnun	6
Fundir.....	7
Fjármál og rekstur 2012.....	7
Samstarf	8
Mat.....	8
Framkvæmd markmiða skólasamnings	8
Úrbótaáætlun eftur sjálfsmat.....	9
Annað.....	10
Húsnæðismál	10
Umhverfisstefna.....	10
Heilsueflandi framhaldsskóli	10
Jafnréttisstefna	10
Sjálfbærnistefna	11

Inngangur

Meginhlutverk Fjölbautaskólans við Ármúla er að undirbúa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, efla læsi þeirra í víðasta skilningi þess orðs, hafa lýðræði að leiðarljósi, jafnréttishugsjón, menntun til sjálfbærni og sköpunaranda. Skólastarfið byggist á því að hver nemandi finni sér nám við hæfi og geti stundað það á eigin námshraða. Nám er vinna og á að fela í sér áskoranir bæði fyrir nemendur og kennara.

Fjölbautaskólinn við Ármúla er áfangaskóli og kjarnaskóli heilbrigðisgreina. Skólinn býður upp á nám til stúdentsprófs á öllum bóknámsbrautum auk viðbótarnáms til stúdentsprófs að loknu starfsnámi. Skólinn býður upp á nám til starfsréttinda á sjö brautum á heilbrigðisviði auk framhaldsnáms á fjórða þrepi fyrir sjúkraliða og lyfjatækna. Almenn námsbraut og framhaldsskólabraut eru starfræktar við skólann og fá nemendur hennar mikinn stuðning við nám sitt. Í FÁ er stór hópur nemenda sem á annað móðurmál en íslensku. Í skólanum eru sérnámsbrautir fyrir nemendur með fötlunargreiningu. FÁ rekur öflugt fjarnám.

Fjölbreytni í námsvali laðar að fjölbreyttan nemendahóp og er stefna skólans að sinna hverjum og einum nemanda á sem bestan hátt. Fjölbreytni í námsvali þýðir val um bóknám kjarnagreina eða starfsnám heilbrigðisgreina sem er í samræmi við kröfur samfélagsins hverju sinni. Fjölbreyttur nemendahópur þýðir nemendur af öllum getustigum, nemendur af mismunandi þjóðerni, nemendur úr dreifbýli og þéttbýli og nemendur á öllum aldri. Nemendur með ólíkan bakgrunn eiga að geta sótt sér hér menntun við hæfi. Nemendahópurinn í FÁ er mjög fjölbreyttur, nemendur eru frá grunnskólaaldri upp í tæplega sjötugt. Á haustmisseri 2012 stunduðu um 2600 nemendur nám við skólann, þ.e. í dagskóla og fjarnámi. Starfsmenn skólans voru 110.

Nemendur

Nemendum í FÁ hefur fjölgað mikið frá árinu 2001. Það skýrist nær eingöngu af miklum vexti fjárnámsins. Fjöldi skráðra nemenda í FÁ var samkvæmt tölum Hagstofunnar þann 15. október ár hvert þessi:

Ár	Nemendur alls	Dagskóli	Fjarnám
2001	879	846	33
2002	1679	850	829
2003	1771	906	865
2004	2114	1002	1112
2005	2261	984	1277
2006	2488	1059	1429
2007	2643	1031	1612
2008	2914	974	1940
2009	3077	970	2107
2010	2624	932	1692
2011	2585	1080	1505
2012	2575	1148	1427

Fjöldi dagskólanema hefur haldist nokkuð svipaður síðustu ár, enda hefur húsnæði skólans ekki leyft innritun fleiri nýnema. Haustið 2012 var tekinn inn stór hópur nemenda að beiðni ráðuneytisins en rúmlega 150 nýnemar voru innritaðir beint úr grunnskóla. Dagskólanemar voru um 1100 við upphaf haustmisseris 2012 og hafa aldrei verið fleiri. Aðsókn að fjárnáminu jókst stöðugt fram til ársins 2010 en það ár var fjárnámið skert að

skipun ráðuneytisins. Fjarnámið hefur hins vegar verið í sókn síðustu misseri þrátt fyrir að hærri mörk um fjölda í áföngum hafi verið sett. Skólinn hefur verið í fararbroddi þegar kemur að þróun og framboði á fjarnámi og því mikilvægt fyrir skólann að bjóða upp á fjölbreytt framboð áfanga í fjarnámi því kennsluformið er þarft og mikil eftirspurn eftir því.

Nemendur skólans, flokkaðir eftir brautum og kyni skiptast þannig, árin 2010, 2011 og 2012 samkvæmt tölum Hagstofunnar sem miðast við 15. október.

Brautir	2010			2011			2012*		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Allar brautir	866	1758	2624	850	1735	2585	908	1667	2575
Almenn námsbraut**	511	910	1421	482	915	1397	546	881	1427
Framhaldsskólabraut							25	20	45
Félagsfræðibraut	126	219	345	164	240	404	166	197	363
Heilbrigðisritarar	0	44	44	0	33	33	0	41	41
Lyfjatækni	1	69	70	2	67	69	1	54	55
Læknaritarar	0	38	38	0	32	32	0	24	24
Málabraut	26	65	91	27	93	120	23	74	97
Náttúrufræðibraut	108	102	210	89	69	158	64	85	149
Námsbraut í fótaaðgerðarfræði							0	1	1
Heilsunuddarar	25	79	104	18	58	76	21	66	87
Sjúkraliðar	8	135	143	4	123	127	3	101	104
Starfsbraut	16	9	25	16	13	29	20	11	31
Tanntæknar	0	36	36	0	37	37	0	52	41
Viðbótarnám-stúdentspróf	2	24	26	4	13	17	3	21	24
Viðskipta- og hagfræðibraut	41	28	69	40	39	79	35	36	71
Viðskiptabraut	2	0	2	4	3	7	1	3	4

* Tölur fyrir árið 2012 miðast við 30. nóvember 2012 þar sem tölur Hagstofunnar hafa ekki verið gefnar út.

**Tölur um fjölda nemenda á almennri braut þarf að taka með fyrirvara vegna þess að Hagstofan skráir þá fjarnámsnemendur sem ekki velja sérstaka braut á almenna braut.

Ársmemendur

Tölur yfir prófaða ársnemendur í FÁ fjárlagaárið 2012 eru þessar:

	Alls	Dagskóli	Fjarnám	Starfsbraut
Vorönn	456,5	312	129	15,5
Sumarönn	54		54	
Haustönn	579,5	414	150	15,5
Ársmemar alls	1090	729	333	31

Skólinn fékk greitt fyrir 1016 ársnema í fjárlögum auk viðbótarframlags í fjárukalögum og með nemendum í átakinu Nám er vinnandi vegur.

Brautskráðir nemendur árið 2012

Um árabíl fór brautskráning Fjölbrautaskólans við Ármúla fram í Háskólabíó en frá desember 2010 hafa nemendur verið brautskráðir í nýjum sal skólans. Samtals voru brautskráðir frá skólanum 325 nemendur, 168 laugardaginn 19. maí og 157 föstudaginn 21. desember. Árið 2012 voru brautskráðir 34 heilsunuddarar, 12 heilbrigðisritarar, 12 lyfjatækna, 5 læknaritarar, 34 sjúkraliðar, 8 tanntækna, 8 fótaaðgerðarfræðingar, 1 stúdent af viðskiptabraut, 3 stúdentar af hagfræðibraut, 6 sérdeildarnemar, 2 hjúkrunar- og móttökuritarar, 3 nemar með framhaldsskólapróf, 74 stúdentar af félagsfræðibraut, 12 stúdentar af málabraut, 32 stúdentar af náttúrufræðibraut, 10 stúdentar af viðskipta- og hagfræðibraut, 46 stúdentar með viðbótarnám að loknu starfsnámi, 8 luku framhaldsnámi lyfjatækna og 15 luku framhaldsnámi sjúkraliða.

Í desember var útskrifað í fyrsta skipti af framhaldsskólabraut og úr framhaldsnámi lyfjatækna og sjúkraliða.

Nám

Sérnámsbrautir

Á sérnámsbraut við Fjölbrautaskólann við Ármúla er nú við nám 31 nemandi. Við brautina starfa 6 sérkennarar, 4 þroskajálfar, 6 stuðningsfulltrúar auk kennslustjóra.

Brautin skiptist upp í tvær deildir:

Deild í suðurálmú skólans með tvær kennslustofur. Þar eru við nám 19 nemendur með fötlunargreiningu og þurfa mikla aðstoð og umönnun við nám og athafnir daglegs lífs.

Deild í miðrymi skólans með eina kennslustofu. Þar eru við nám 12 nemendur sem allir hafa fötlunargreiningu en eru á ýmsan hátt sjálfstæðari og þurfa minni aðstoð við nám og daglegar athafnir. Einstaka nemandi tekur almenna bóklega áfanga.

Í ársbyrjun 2004 tók skólinn við rekstri sérnámsbrautar sem þá var staðsett í Lyngási við Safamýrarskóla. Þegar brautin missti húsnæði sitt í Lyngási voru innréttáðar tvær kennslustofur og tvö salerni í aðalbyggingu skólans. Einnig voru keypt tæki og lágmarksbúnaður fyrir nemendur.

Haustið 2011 var síðan tekin í notkun nýtt húsnæði í suðurálmú skólans sem tryggir nemendum sérnámsbrautar mjög góða aðstöðu.

Heilbrigðisskólinn

Kennsla hófst í framhaldsnámi í geðhjúkrun fyrir sjúkraliða og framhaldsnámi í sjúkrahúslyfjatækni fyrir lyfjatækna þann 11. janúar 2011. Námskrár þessara tveggja nýju brauta voru tilbúnar haustið 2010 og var námið auglýst í desember 2010. Um 30 nemendur hófu nám á þessum nýju brautum og í desember 2012 var í fyrsta skipti útskrifað úr náminu en 15 nemendur útskrifuðst úr framhaldsnámi sjúkraliða og 8 úr framhaldsnámi lyfjatækna. Þegar er hafinn undirbúningur að smíði nýrrar námsbrautar fyrir sjúkraliða í geðhjúkrun á fjórða þrepi og standa vonir til að kennsla geti hafist haustið 2013.

Þann 1. september 2010 var undirritaður samningur, að frumkvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins, milli FÁ og Fótaaðgerðaskóla Íslands. FÁ sér um innritun og námsferla nemenda Fótaaðgerðaskólans. Skólinn sér einnig um kennslu í þeim áföngum fótaaðgerðanámsins sem eru sameiginlegir öðrum heilbrigðisbrautum í FÁ.

Almenn námsbraut – stoðþjónusta

Nemendur á almennri námsbraut fá mikinn stuðning við nám sitt. Kennslustjóri hefur yfirumsjón með almennri námsbraut og eru að jafnaði um 150 nemendur á brautinni. Skólinn fékk styrk til að þróa nýja framhaldsskólabraut og var farið af stað með nokkra nýja áfanga á brautinni haustið 2010. Markmið framhaldsskólabrautarinnar er að nemendur geti útskrifast úr framhaldsskóla með próf sem mögulega auðveldar þeim að fá vinnu en útilokar þá ekki frá frekara námi. Megintilgangurinn er þó að fleiri nemendur útskrifist úr framhaldsskóla. Fyrsta útskriftin fór fram í desember 2012 þegar þrír nemendur voru útskrifaðir af námsbrautinni.

Á haustönn 2012 voru 98 nemendur frá 30 löndum sem eiga annað móðurmál en íslensku. Kennslustjóri nýbúa hefur yfirumsjón með deildinni. Í nemendahópnum eru ennþá þrír flóttamenn frá Kólumbíu sem skólinn tók við haustið 2006 og haustið 2008. Sjö kennarar koma að sérstökum stuðningi við innflytjendur og þeim stendur til boða fjölbreytt námsaðstoð.

Skráðir nemendur í skólanum með dyslexíugreiningu voru 156 á haustönn 2012 og heldur kennslustjóri utan um hópinn. Nemendur fá stuðning t.d. við heimanám, boðið er upp á stoðkennslu og sérúrræði í lokaprófum. Nemendur fá einnig sérhæfðan stuðning, t.d. til við að átta sig á hvernig styrk- og veikleikar viðkomandi birtast í námi og hvernig viðkomandi getur brugðist við. Mikilvægt er að geta aukið svigrúm slíkrar þjónustu í nánustu framtíð. Samvinna er á milli kennslustjóra dyslexíu og kennara. Kennarar skólans taka mið af einstaklingsbundnum þörfum nemenda eins og kostur er. Lögð er áhersla á að kennarar skólans beiti fjölbreyttum kennsluaðferðum og námsmati til að mæta fjölbreytileika nemendahópsins.

Haustið 2012 innritaði skólinn rúmlega 100 nemendur að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Margir þessara nemenda þurftu mikinn stuðning og var ráðinn námsráðgjafi við skólann í upphafi árs 2012 til að sinna þessum nemendahópi sérstaklega, þ.e. nemendum í verkefninu nám er vinnandi vegur. Námsráðgjöf hefur því eflst mjög þar sem þrír námsráðgjafar eru nú starfandi við skólann og sinna víðtækri þjónustu við nemendur.

Bóknám

Bóknámsbrautir skólans eru félagsfræðibraut, málabraut, náttúrufræðibraut og viðskipta- og hagfræðibraut. Á bóknámsbrautum dagskólans voru rúmlega 600 nemendur og var rúmur helmingur þeirra var á félagsfræðibraut. Náttúrufræðibraut er næststærst, síðan málabraut og loks viðskipta- og hagfræðibraut. Fjórir kennslustjórar bóknámsbrauta stýra sjálfsmati, umbótum og innra starfi bóknámsbrauta. Kennslustjórar bóknáms, eins og reyndar aðrir kennslustjórar, stýra vinnuhópum sem vinna að innleiðingu nýrra laga um námskránnu og hefur vinna staðið yfir óslitið frá hausti 2012.

Kennsla og stjórnun

Starfsmenn skólans eru 108 og eru konur í miklum meirihluta eða 70% á móti 30% körlum. Meðalaldur starfsmanna er tæp 50 ár og er meðalaldur kvenna 48,0 ár á móti 50,1 ár hjá körlunum. Á skólaárinu 2012-2013 hófu sex nýir starfsmenn störf en lítil endurnýjun er á milli ára sem gefur vísbendingar um að starfsfólki líði ákaflega vel á vinnustaðnum. Nær allir kennarar skólans eru með kennsluréttindi en tveir kennarar hafa verið með undanþágu til þess að starfa sem framhaldsskólakennarar.

Við skólann starfa sex stjórnendur, þ.e. skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjárnámsstjóri, þróunarstjóri og fjármálastjóri. Fjórir kennslustjórar stýra bóknámsbrautum og fjórir kennslustjórar sinna heilbrigðisgreinum. Auk þess eru

starfandi kennslustjórar fyrir dyslexíu, nýbúa, almenna námsbraut og framhaldsskóla-
braut. Allir kennslustjórar eru í hlutastarfi og sinna kennslu með starfi.

Að jafnaði eru kenndir hátt í 300 áfangar í dagskóla á vorönn og haustönn og í
fjarnámi eru í boði hátt í 100 áfangar hvora önn. Auk þess er fjarnám í boði á sumarönn
þar sem fjöldi áfanga er 20-30.

Fundir

Skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjarkennslustjóri, fjármálastjóri og
þróunarstjóri funda vikulega á mánudagsmorgnum. Skólameistari, auk fleiri stjórnenda
funda auk þess reglulega með kennslustjórum heilbrigðisgreina, kennslustjórum
bóknámsbrauta, stjórnendum stoðdeilda og námsráðgjöfum. Á miðvikudögum og
föstudögum er fastur fundartími kennara og annarra starfsmanna í lok kennsludags.
Fundað er reglulega í skólaráði og a.m.k. einu sinni til tvisvar á önn í skólanefnd.
Almennir starfsmannafundir, þar með taldir skólafundir þar sem nemendum er boðin
þátttaka, eru fjórir til fimm á önn.

Fjármál og rekstur 2012

Skólinn var rekinn með nokkrum halla árið 2011 og var farið inn í fjárlagaárið 2012 með
kr. 18. milljónir í halla. Það var ljóst að fara þurfti út í nokkrar hagræðingaraðgerðir til að
ná rekstri skólans réttum megin við núllið. Eftirfarandi tölur eru teknar úr rekstrarreikningi
skólans fyrir árið 2012 en árið endaði í kr. -3.391.981-. sem verður að teljast viðunandi
niðurstaða þar sem hallinn frá fyrra ári var niðurgreiddur um hátt í 15. milljónir króna.

Skv. fjárlögum	730.600.000
Flutt frá fyrra ári	-18.112.795
Tekjur innh. hér	147.435.125
Nám er v/vegur vor	35.900.000
Nám er v/vegur haust	3.000.000
Nám er v/vegur námsr.	3.500.000
Námsorlof vor	2.767.149
Námsorlof haust	2.858.731
Leiðrétting á ársnematölu	11.700.000
V/yfirv námsráðgjafa	12.000
NVV haust og vor	41.198.000
Íslenskukennsla f útlendinga	1.549.565
Nemendauppgjör alm.nem	21.717.279
Nemendauppgjör sérk. og ADL	25.101.525
Skipting á framl til framskl í fjárauka	6.922.000
Samtals tekjur	1.016.148.579
Launagjöld	841.143.702
Önnur gjöld	178.396.858
Gjöld samtals	1.019.540.560
Eftirstöðvar til ráðstöfunar	-3.391.981

Rekstraráætlun fyrir árið 2012 var stillt upp þannig að skólinn væri á núlli í lok árs og tókst að vera nærri því markmiði eins og áður er getið. Rekstraráætlun næsta árs miðar að því að reka skólann á núlli. Það skiptir miklu máli að ríkið bæti þá umframnemendur sem skólinn tekur við en allar horfur eru á að þeir verði umfram það sem er í fjárlögum 2013.

Samstarf

Skólinn hefur tekið þátt í 2 Comenius samstarfsverkefnum, Rutas Literarias en Europa og Sustainable School, og hefur verið í samstarfi við skóla í Þýskalandi, Ítalíu, Póllandi, á Spáni, í Bulgarríu, Grikklandi, Sloveníu, Rúmeníu og Tyrklandi.

Skólinn tekur þátt í 2 Nordplus Junior verkefnum, The Old Nordic Folklores og Outdoor Activities og hefur fjöldi nemenda og starfsmanna skólans heimsótt samstarfsskólana á hinum Norðurlöndum. Skólinn hefur tekið þátt í Leonardo nemendaskiptaverkefni og hafa sjúkraliðanemar skólans farið í starfsnám til Danmerkur.

Mat

Námskrá skólans er á vefrænu formi. Kaflarnir eru stuttir og almenns eðlis og þar koma aðeins fram upplýsingar um meginmarkmið skólans. Úr hverjum kafla eru svo tenglar sem vísa í ýtarlegri áætlanir, lýsingar, deilimarkmið o.fl. sem eiga að vera í sífelldri endurskoðun. Með slíkri útgáfu er hægt að tengja skólanámskrá og skólastarf á hverjum tíma nánari böndum en unnt er með hefðbundinni útgáfu á prenti. Ekki er nóg með að texti námskrárinnar sé almennur og stuttur heldur tryggir rafræn birting einnig auðvelt aðgengi að honum. Skólanámskráin verður þannig að lifandi skjali og síður hætta á að menn missi sjónar af þeim markmiðum sem þar eru sett.

Innra mati er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti framhaldsskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs. Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er m.a. að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Einnig er markmiðið að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla, að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Jafnframt að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum um framhaldsskóla (40. gr.).

Í námskrá skólans er sjálfsmatsstefna skólans skilgreind og krækja í sjálfsmatssíðu þar sem má m.a. finna verkáætlun, sjálfsmatsskýrslur síðustu ára og niðurstöður ytra mats.

Þróunarstjóri skólans er ábyrgur fyrir innra mati og hefur yfirumsjón með skipulagi þess og framkvæmd. Í verk- og framkvæmdaáætlun eru tilgreindar áætlaðar aðgerðir eins og úttektir, kannanir o.fl. til næstu ára.

Skólinn birtir niðurstöður sjálfsmats á heimasíðu skólans undir liðnum Skólinn - Sjálfsmat. Niðurstöðum er ætlað að draga fram sterkar hliðar og veikar í skólastarfinu og meginatriði í þeim viðhorfum sem fram koma í könnunum. Á grundvelli niðurstöðu í þessum könnunum verður og hefur verið gripið til aðgerða. Í sjálfsmatsskýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðunum og tillögur til úrbóta lagðar fram.

Framkvæmd markmiða skólasamnings

Skólinn ætlaði að ná níu markmiðum í skólasamningi á árinu 2012. Markmiði að nemendum líði vel í skólanum var fylgt eftir með könnun á almennri líðan nemenda á vorönn 2011, gerð var áætlun um varnir gegn einelti og stoðkerfi skólans var styrkt, m.a.

með því að ráða tímabundið þriðja náms- og starfsráðgjafa fyrir átaksverkefnið Nám er vinnandi vegur. Markmiði að vinna að innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga var fylgt eftir með því að ljúka við gerð almenns hluta skólanámskrár á haustönn 2012. Framhaldsnám sjúkraliða og lyfjatækna hófst á vorönn 2011 og var tekið út af utanaðkomandi sérfræðingum. Lokið var við námskrá framhaldsskólabrautar á vorönn 2012 og drög að námskrám heilbrigðisbrauta liggja fyrir. Ekki tókst að ljúka vinnu við námskrár bóknámsbrauta.

Markmiði að efla fjarnám skólans var fylgt eftir með því að taka upp nýtt kennsluumhverfi á sumarönn 2012. Stöðugt er reynt að bæta þjónustu við nemendur og er boðið upp á aðgang að ítarlegum leiðbeiningum á heimasíðu fjarnáms. Ekki tókst að fylgja því eftir að fjarnámsnemendur eigi kost á því að hitta kennara sína. Viðhorfskönnun var framkvæmd í lok haustannar 2012 og verða niðurstöður notaðar til að efla enn frekar þjónustuna. Úttekt á fjarnámi var frestað til ársins 2013.

Markmiði að bæta kennslu og kennaraeinkunn hækki í 8,5 var náð og var meðaleinkunn kennara í kennslumati á vorönn 2012 8,6. Heildarendurskoðun námsmats var frestað til skólaársins 2012/2013. Markmiði að bæta innra mat skólans var fylgt eftir með því að endurskoða stefnur, skipulag og stjórnunarferla skólans og gera aðgengilega í nýjum almennum hluta skólanámskrár. Ekki tókst að bæta svörun í kennslukönnunum og verður kennslumatsformið endurskoðað. Rekstur skólans var neikvæður um innan við 1% af heildarrekstrinum, þrátt fyrir hærra nýtingarhlutfall í áföngum. Lokið var við nýbyggingu skólans á vorönn 2012 og uppfyllir húsnæðið og búnaður kröfur um nútímanám. Ekki var gengið frá lóð skólans eins og til stóð og var framkvæmdum frestað til vors 2013. Markmiði að efla samstarf við aðra skóla og stofnanir var fylgt eftir með samstarfi við Snyrtiakademíuna í Kópavogi, Námsflokka Reykjavíkur og nokkurra grunnskóla. Mikið samstarf við Landspítalann og stéttafélög heilbrigðisgreina átti sér stað við innleiðingu og úttekt framhaldsnáms sjúkraliða og lyfjatækna. Ekki tókst að semja við háskóla um viðurkenningu framhaldsnáms sjúkraliða og lyfjatækna.

Úrbótaáætlun eftur sjálfsmat

Tímasett úrbótaáætlun eftir sjálfsmat er komin til framkvæmda. Byrjað var á vorönn 2013 að greina brotthvarf nemenda og niðurstöður færðar í staðlaðan gagnagrunn ráðuneytis. Almennur hluti skólanámskrá tók gildi 2. nóvember 2012 og var kynntur nemendum, foreldrum og starfsmönnum skólans. Unnið var áfram að endurskoðun námsbrautarlýsingar bóknámsbrauta og starfsnámsbrauta. Úttektaráætlun innra mats hefur verið skilgreind til næstu tveggja ára. Undirbúningur innleiðingar vottaðs gæðakerfis hófst með skólaheimsóknum á haustönn 2012. Stefnt er að því að skilgreina 5 ferla á hverju misserí. Þegar hafa 4 ferlar verið skilgreindir á vorönn 2013. Ekki er búið að ganga frá þjónustustefnu skólans en markmið er að skilgreina nákvæmlega hvers konar þjónustu skólinn veitir. Úttekt á mötuneyti skólans hefur verið frestað. Endurskoðun á umsjónarkerfi heldur áfram á vorönn 2013 og eiga tillögur að nýju umsjónarkerfi að liggja fyrir í lok vorannar 2013. Kennslukönnun verður lögð fyrir nemendur í völdum áföngum á vorönn 2013 og stýrihópur myndaður til að endurskoða kennslumatið. Ráðstefna um fjölbreytta kennsluhætti og námsmat verður haldin föstudaginn 8. mars 2013. Úttekt var gerð á framhaldsnámi sjúkraliða og lyfjatækna á haustönn 2012 og eiga niðurstöður að liggja fyrir í mars 2013. Úttekt á fjarnámi var frestað.

Annað

Húsnæðismál

Eldra húsnæði FÁ er um 5400 m² og nýbyggingin um 2900 m². Aðalbygging skólans er því um 8300 m². Nemendur í dagskóla á haustönn voru 1100 og voru um 7,5 m² á hvern nemanda sem þykir nokkuð gott. Nýbygging skólans hefur skipt sköpum fyrir allt skólastarf, ekki síst félagslíf nemenda sem nú blómstrar. Með tilkomu nýbyggingarinnar rúmar skólinn um 1100 nemendur í dagskóla og er stefnt á að vera í námunda við þá tölu næstu misserin. Gert er ráð fyrir að hefja lóðaframkvæmdir í maí 2013 og á þeim að vera að fullu lokið í júní sama ár.

Umhverfisstefna

Fjölbrautaskólinn við Ármúla tekur hlutverk sitt alvarlega þegar kemur að umhverfismálum og vill sýna nemendum og öðrum sem að skólastarfinu koma gott fordæmi við rekstur og stjórnun skólans. Umhverfisfulltrúi skólans er Bryndís Valsdóttir og leiðir hún starf nemenda og starfsmanna. Skólinn hefur umhverfissjónarmið og verndun náttúrunnar að leiðarljósi, jafnt í daglegum athöfnum og í stefnumótun til framtíðar. Vinna innan skólans tekur tillit til sjálfbærrar þróunar þegar því verður við komið en innan skólans er sérstök sjálfbærnefnd. Skólinn hefur verið með Grænfánann frá 2006 og fékk fánann í fjórða sinn við hátíðlega athöfn á haustönn 2012. Er skólinn eini framhaldsskólinn sem hefur fengið Grænfánann fjórum sinnum og er hægt að fullyrða að skólinn er í fararbroddi þegar kemur að umhverfismálum á meðal íslenskra framhaldsskóla.

Heilsueflandi framhaldsskóli

Á haustönn 2010 var skipaður stýrihópur til að undirbúa þátttöku FÁ í verkefninu *heilsueflandi framhaldsskóli* (hoff) sem hófst síðan formlega haustið 2011. Landlæknir setti verkefnið formlega af stað á 30 ára afmælishátíð skólans þann 24. september 2011. Hoff verkefnið mun taka fjögur ár og var lögð megináhersla á næringuna fyrsta árið. Höfuðáhersla verkefnisins er á fjögur viðfangsefni, **næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl**, en eitt viðfangsefni er tekið fyrir á hverju ári. Markmiðið er að upplýsa og virkja nemendur og starfsmenn skólans til að taka þátt. Breyttar áherslur eru núna áberandi þegar gengið er um skólann því ekkert sælgæti eða sykraðir gosdrykkir eru til sölu. Hafa nemendur tekið þessari nýbreytni vel og aukin áhersla á hollustu og breytta lífshætti fellur vel í mannskapinn. Á haustdögum 2012 tók skólinn þátt í Lífshlaupi framhaldsskólanna og náði þeim árangri að verða í þriðja sæti í sínum flokki. Alls tóku 420 nemendur og starfsmenn þátt og hreyfðu sig í rúmlega 157.000 mínútur eða sem nemur 375 mínútum á hvern þátttakanda.

Jafnréttisstefna

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 kveður á um að öll fyrirtæki og stofnanir sem eru með fleiri en 25 starfsmenn skuli setja sér jafnréttisáætlun. Fjölbrautaskólinn við Ármúla er stór stofnun, þar sem yfir 1000 manns eru saman komnir á hverjum degi, nemendur og starfsfólk. Það er því ljóst að málefni sem varða jafnrétti kynjanna hljóta að koma við sögu margsinnis á hverjum degi í slíkri stofnun. Stefnan er á vefslóðinni <http://www.fa.is/ritstjorn/namskra/jafnretti/jafnretti2007.htm> og var hún samþykkt á starfsmannafundi skólans. Sérstakir jafnréttisvísar vour kynntir og þar kemur eftirfarandi fram:

	30.10 2008	29.2 2012	12.10 2012
Yfirstjórn	kk (4) 66% kvk (2) 33%	kk (3) 50% kvk (3) 50%	kk (3) 50% kvk (3) 50%
Kennslustjórar	kk (3) 25% kvk (9) 75%	kk (4) 33% Kvk (8) 67%	kk (5) 45% kvk (6) 55%
Fagstjórar	kk (5) 29% kvk (12) 71%	kk (3) 18% kvk (14) 82%	kk (3) 19% kvk (13) 81%
Fulltrúar	kk (2) 40% kvk (3) 60%	kk (2) 40% kvk (3) 60%	kk (2) 40% kvk (3) 60%
Skólaráð		kk (4) 33% kvk (2) 66%	kk (5) 63% kvk (3) 37%
Skólanefnd		kk (2) 40% kvk (3) 60%	kk (6) 75% kvk (2) 25%
Nemendaráð		kk (14) 54% kvk (12) 46%	kk (13) 52% kvk (12) 48%

Eins og jafnréttisvísarnir gefa til kynna þá er hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum mjög hátt og eðlilegt í ljósi þess að konur eru í miklum meirihluta við skólann. Hið sama má segja um nemendur en hlutfall kynjanna er nokkuð jafnt í nemendaráði skólans.


Sjálfbærnistefna

Skólinn hefur sett sér sjálfbærnistefnu og skipað, sjálfbærniefnd sem hefur það verkefni að fylgja sjálfbærnistefnu skólans eftir í öllum þáttum skólastarfs. Í sjálfbærniefnd eiga sæti skólameistari og aðstoðarskólameistari, þróunarstjóri, umhverfisfulltrúi skólans, umsjónarmaður skólans, tveir kennarar af bóknámsbrautum, einn kennari sérnámsbrautar, einn kennari heilbrigðisskólans og tveir fulltrúar nemenda.

Markmiðið með sjálfbærnistefnu er að efla og styrkja skólann í framþróun og skapa nemendum og starfsmönnum umhverfi sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.

Stefnunni er ætlað að efla borgaralega virkni nemenda, styrkja gildismat og viðhorf til verndunar náttúrunnar og umhverfisvæns lífsstíls, efla lýðræðisvitund og samábyrgð, styrkja gildismat og viðhorf gagnvart mannréttindum, jafnrétti, fjölmenningu, velferð og heilbrigði, efnahagsþróun, framtíðarsýn og stuðla að sköpunargleði.

Reykjavík, 5. mars 2013



Steinn Jóhannsson skólameistari